

Samráðsgátt
Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Mál nr. S-207/2025

Reykjavík, 31. október 2025

Efni: Umsögn vegna draga að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. (tollar, skilagjald o.fl.)

Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu („SFF“ eða „samtökin“) vísa til frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta, gjöld o.fl. frá fjármála- og efnahagsmálaráðherra. Samtökin vilja í þessari umsögn vísa eingöngu til þeirra breytinga sem þar kemur fram um starfsemi Náttúruhamfarartryggingar Íslands (NTÍ). Samtökin telja mikilvægt að þær breytingar sem lagðar eru þar til og áhrif af þeim, verði skoðaðar ofan í kjölinn enda er þarna um að ræða ákveðna vendingu í váttryggingarvernd gagnvart náttúruhamförum hér á landi. Í þessari umsögn verður fjallað um nokkra þætti sem mikilvægt er að horfa til áður en þessar tillögur varðandi NTÍ verða samþykktar.

Breytingartillagan sem felst í 15. gr. frumvarpsins kveður á um að stjórn NTÍ verði heimilað að takmarka eða hafna því að stofnunin náttúruhamfaratryggi lausafé, húseignir og önnur mannvirki sem tilheyra atvinnustarfsemi, ef stjórnin telur það nauðsynlegt vegna áhættustýringar. Hugsunin er þá væntanlega til þess að vernda NTÍ gagnvart því að þurfa mögulega að standa straum af tjónabótum gagnvart mjög dýrum mannvirkjum sem gæti sett sjóðinn í erfiða stöðu.

1. Mikilvægt að draga úr óvissu varðandi fjárhæðarmörk

Þessi breyting og áhrif af henni eru óljós. Ekki eru tilgreind nein fjárhæðarmörk um hvað skuli miðað við eða nánari útfærslu á því hvernig þetta ákvæði skuli framkvæmt. Betur færi á því að fyrir lægi einhvers konar reglur eða viðmiðanir um fjárhæðir til þess að gera lögin gagnsærri gagnvart eigendum mannvirkja á landinu og framtíðareigendum þeirra enda kunna þarna að vera gríðarlega miklir hagsmunir í húfi. Mikilvægt er því að tryggja að fyrirkomulagið og framkvæmd verði með þeim hætti að ákvarðanir verði ekki teknar út frá geðþótta og að sjónarmið um jafnræði verði haft að leiðarljósi.

2. Mikilvægt að skýra betur framkvæmdina

Váttryggingarfyrirtækin innheimta iðgjald fyrir NTÍ sem er jafnan innheimt um leið og viðskiptamaðurinn brunatryggir eign sína. Ljóst er að þau fyrirtæki sem verða tekin út fyrir sviga hjá NTÍ munu verða ósátt með þessa breytingu enda hafa þau hingað til getað gengið út frá því að eignir þeirra hafi verið tryggðar fyrir náttúruhamförum. Þetta setur

vátryggingarfyrirtæki í óheppilega stöðu. Líklegt er að ímynd vátryggingarfyrirtækjanna sjálfra kunni að verða þar fyrir áhrifum að ósekju einfaldlega vegna þessarar tilhögunar um að vátryggingarfyrirtækin sjái um innheimtu iðgjalda. Mikilvægt er að skýra með hvaða hætti framkvæmdin þarf að fara fram þegar NTÍ hafnar ákveðnum aðilum eftir að vátryggingarfyrirtæki hafa gert við þau tryggingarsamning sem oftast er til 12 mánaða. Þá er vátryggingarfyrirtækið þegar búið að innheimta iðgjald sem renna á til NTÍ. Með hvaða hætti er iðgjald vegna eftirstöðva samningsins t.d. greitt til baka? Hér er lagt til að ákvörðun stjórnar um að hafna vátryggingarvernd geti aðeins komið til framkvæmda eftir að tryggingarsamningi sem er þegar í gildi lýkur svo lengi sem tryggingarsamningurinn er ekki til lengri tíma en 12 mánaða. Höfnunin eigi því ávallt við frá og með næsta tryggingarsamningi.

3. Náttúruhamfaratrygging í raun ekki í boði fyrir þá sem NTÍ mun ekki tryggja

Það er mikilvægt að hafa í huga að þeim sem NTÍ ákveður að bjóða ekki upp á tryggingarvernd munu að öllum líkindum ekki eiga þess kost að leita til innlendra tryggingarfyrirtækja eftir slíkri vernd. Gera má ráð fyrir að um verði að ræða tiltölulega fá dæmi og það eitt og sér veitir íslenskum vátryggingarfyrirtækjum ekki nægilega áhættudreifingu og jafnvel ekki endurtryggingarvernd heldur.

4. Skoða verður staðbundin áhrif og áhrif á erlenda fjárfestingu

Um er að ræða þannig mál að lagabreytingin getur haft mikil áhrif á fjárfestingu og uppbyggingu á atvinnustarfsemi eftir svæðum. Þannig má ætla að slík uppbygging gæti færst t.d. meira fjær svæðum þar sem hætta á jarðskjálftum og eldgosum er meiri. Ef það fréttist til annarra landa að eigendur mannvirkja hér á landi geti lent í því að eiga ekki kost á náttúruhamfaratryggingu gæti það haft verulega neikvæð áhrif á erlenda fjárfestingu. Bara óvissan um slíkt gæti haft mikil áhrif jafnvel þó að slík verkefni væru líkleg til þess að verða tryggð gagnvart náttúruhamförum.

5. Mikilvægt að setja einhverja ramma/reglu um hækkun iðgjalda á sérstaka aðila

Í 16. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að stjórn NTÍ sé heimlt að ákveða iðgjaldaálag á eignir sem tilheyra atvinnustarfsemi ef náttúruhamfaratrygging á þeim eignum feli í sér mikla áhættu fyrir fjárhagsstöðu stofnunarinnar. Eðlilegt er að NTÍ sé veitt heimild til iðgjaldaálags þegar um óvenjulegar eða óvenju stórar áhættur er að ræða og þörf er t.d. á sérstakri endurtryggingarvernd vegna þeirra, en þar sem iðgjöld NTÍ eru fastákveðin í 11. gr. laganna hljóta lögin sjálf að þurfa að setja einhvern ramma um hvaða svigrúm ráðherra og stjórn NTÍ hafa í þessum efnum. Að öðrum kosti er hætt við að slíkar iðgjaldaákvarðanir skorti lagastoð. Þetta var t.d. gert fyrir ári síðan með lagabreytingu þar sem veitt var

bráðabirgðaheimild til 50% hækkunar á lögákveðið iðgjald vegna bágrar fjárhagsstöðu NTÍ í kjölfar eldsumbrota við Grindavík.

6. Vátryggingarfyrirtæki þurfa að hafa ráðrúm til þess að geta mætt breytingum á iðgjöldum á einstaka aðila

Þá þarf að huga nánar að praktískri útfærslu á þessu ákvæði. Til dæmis kallar heimild til hækkunar á iðgjöldum einstakra viðskiptavina vafalítið á breytingar í tölvukerfum vátryggingafélaga, þannig að hægt sé að sérákværða iðgjald til NTÍ á einstökum eignum. Mikilvægt er því að ákvarðanir um hækkun séu gerðar með þeim hætti að ráðrúm gefist til aðlögunar tölvukerfa. Þá þarf að huga að því hvernig upplýsingum um sérákvörðun iðgjalds NTÍ er komið áleiðis til annarra vátryggjenda þegar viðskiptavinurinn færir tryggingar sínar á milli. Reynslan sýnir að viðskiptavinir vátryggingafélaga eru oft lítið meðvitaðir um tilvist og hlutverk NTÍ og öll samskipti og óánægja viðskiptavina vegna opinberrar gjaldtöku, sem vátryggingafélögum er skylt að framkvæma skv. lögum, beinist að þeim sjálfum en ekki hinum opinberu aðilum. Því þarf einnig að útfæra það hvernig skilaboðum um hækkun iðgjalda eða höfnun vátryggingaverndar er komið á framfæri.

Í 17. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að þær breytingar sem felast í bandorminum taki gildi frá og með 1. janúar 2026. Hafa þarf í huga að vátryggingarsamningar gilda að jafnaði eitt ár fram í tímann og félögin framkvæma endurnýjun þeirra með amk. 6 vikna fyrirvara. Gildistaka breytinga á löggjöf sem varða vátryggingarsamninga eða innheimtu opinberra gjalda vegna þeirra þarf því að vera með þeim hætti að svigrúm sé til þess að gera ráð fyrir þeim við endurnýjun vátrygginga og aðlaga tölvukerfi.

*Með vinsemd og virðingu
Gústaf Steingrímsson, hagfræðingur SFF*

